



VERKFRÆÐISTOFA SIGURÐAR THORODDSEN sf
ÁRMÚLI 4 REYKJAVÍK SÍMI 84499

HVÍTÁRVIRKJANIR

I

Samanburðaráætlanir
um nýtingu fallsins frá
Hvítárvatni niður fyrir
Haukholt

Skýrsla samin fyrir ORKUSTOFNUN
OS - ROD - 7711

H V Í T Á R V I R K J A N I R

I

Samanburðaráætlanir
um nýtingu fallsins frá
Hvítárvatni niður fyrir
Haukholt

Skýrsla samin fyrir
ORKUSTOFNUN
OS - ROD - 7711

VST 76.075

Reykjavík, maí 1977

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Bréf	i
Virkjunartilhaganir	1
Tilhögun I	1
Tilhögun II	2
Tilhögun III	3
Tilhögun IV	3
Rennsli, afl og orka	4
Helztu einkennistölor	7
Tilhögun I	7
Tilhögun II	8
Tilhögun III	9
Tilhögun IV	10
Kostnaðaráætlanir	12
Tilhögun I	13
Tilhögun II	14
Tilhögun III	16
Tilhögun IV	17
Fyrri virkjunaráætlanir	19
Landmælingar	19
Vatnamælingar	20
Jarðfræði	21
Skrá yfir fylgiskjöl og teikningar	23



VERKFRÆÐISTOFA SIGURÐAR THORODDSEN sf
ÁRMÚLI 4 REYKJAVÍK SÍMI 84499

ORKUSTOFNUN

Laugavegi 116

Reykjavík

Tilv. yðar

Bréf yðar

Tilv. okkar

76.075

Dags.

2. maí 1977

HVÍTÁRVIRKJANIR

Hin síðustu ár hefur lítið verið fjallað um virkjanir á vatnasviði Hvítár í Árnassýslu og athyglin beinzt að Þjórsársvæðinu, þar sem virkjunarmöguleikar eru mun meiri og framkvæmdir hafnar. Á Hvítársvæðinu eru þó líklega nálægt 10 hundraðshlutar af virkjanlegu vatnsafla landsins. Því hefur verið talið æskilegt að halda virkjunarathugunum áfram og síðla árs 1976 fól Orkustofnun Verkfræðistofunni að semja drög að áætlun um virkjun Hvítár, sem gæfu hugmynd um stofnkostnað til samanburðar við aðrar virkjunaráætlanir, sem unnið hefur verið að undanfarið.

Gerðar eru samanburðaráætlanir um nýtingu fallsins frá Hvítárvatni niður fyrir Haukholt. Um aðrar virkjanir á Hvítársvæðinu, sem áður hafa verið taldar koma til álita, er ekki fjallað nú, en þær eru helztar virkjun við Hestvatn og virkjanir í Brúará.

Ýmsum spurningum, er varða virkjanir á vatnasviði Hvítár, er ósvarað enn. Má þar sérstaklega nefna atriði viðvíkjandi umhverfisvernd. Með vatnsborðshækkun Hvítárvatns mun gróðurlendi fara undir vatn og með virkjun frá Sandártungu niður fyrir Haukholt minnkar meðalrennsli um Gullfoss verulega. Vandamál þessi virðast þó ekki óyfistíganleg. Með því að stífla Árbrandsá við Sandvatn og veita rennslinu um Sandá í

Hvítá má aftur auka sumarrennsli um Gullfoss og að auki skapast ákjósanleg skilyrði til fiskræktar í Tungufljóti, sem eftir veituframkvæmdir verður að bergvatnsá með sterkum lindár-einkennum.

Með virkjun frá Gullfossi niður fyrir Tungufell yrði væntanlega að viðhalda rennsli um Gullfoss með framhjärengisli yfir sumartíma. Við höfum þó á þessu stigi talið rétt að gera áætlun um virkjun þarna óháð umhverfismálum, og þá fyrst og fremst til samanburðar við tilhaganir, sem engin áhrif hafa á rennsli um Gullfoss önnur en þau, sem leiða af miðlun í Hvítárvatni.

Síðast nefnd áhrif verða efalaust til bóta. Með miðlun verður jafnara rennsli um Gullfoss og rof þar minna, sem að öðrum kosti mun breyta útliti fossins fyrir en ella.

Alls eru gerðar áætlunir um fjórar mismunandi heildartilhaganir á nýtingu umrædds falls í Hvítá. Kostnaðaráætlunir miðast við verðlag eins og það var í maí 1976 og samanburður á orkuverði byggist á fremur lauslegri athugun á orkuvinnslugetu með mismunandi miðlun í Hvítárvatni. Með tveimur tilhagananna verður skert rennsli um Gullfoss, tilh. I og II, og er áætluð orkuvinnslugeta þá 2000 til 2600 GWh/a með miðlun frá 400 til 1400 Gl. Áætlað orkuverð við stöðvarvegg er 2,05 til 2,17 kr/kWh. Er þá gert ráð fyrir, að árlegur kostnaður nemi 13,13 hundraðshlutum stofnkostnaðar. Tilhögun I virðist hagkvæmari, en með henni er ráðgert að virkja fallið í tveimur orkuverum, Ábóta og Efri-Hvítá. Lægst orkuverð verður með 1000 Gl miðlun í Hvítárvatni, 2,05 kr/kWh, og áætluð orkuvinnsla er þá 2444 GWh/a. Í stofnkostnaði er meðtalinn kostnaður við veitu úr Árbrandsá til aukningar á rennsli um Gullfoss.

Með tilhögunum III og IV verður óskert rennsli um Gullfoss. Áætlað orkuverð er nálega hið sama með hvorri tilhögun sem er, en tilhögun IV er álitlegri vegna meiri orkuvinnslugetu. Með henni er gert ráð fyrir þremur orkuverum, þ.e. við Ábóta,

Stóraver og Haukholt. Lægst orkuverð, 2,29 kr/kWh, fæst með nálægt 900 GJ miðlun í Hvítárvatni og er áætluð orkuvinnsla þá 1713 GWh/a.

Af framansögðu er ljóst, að tilhögun I verður mun hagstæðari en þær tilhaganir, sem halda óskertu rennsli um Gullfoss. Umhverfisvandamál samfara virkjun með þessum hætti virðast heldur ekki óleysanleg. Ætla má, að sumarrennsli um Gullfoss, eftir að virkjað hefur verið frá Sandártungu niður fyrir Haukholt og Árbrandsá veitt í Sandá, verði venjulega á bilinu 35 - 40 kl/s. Þetta er að vísu verulega minna en núverandi meðalrennsli mánaðanna júní til ágúst, sem er tæplega 130 kl/s, en í samtengdu orkuveitukerfi má líklega haga rekstri þannig, að unnt verði að halda hæfilegu sumarrennsli um Gullfoss án teljandi áhrifa á rekstursafkomu.

Það sem helzt skortir, til að unnt verði að semja frumáætlun um síðast nefnda virkjunartilhögun, eru jarðfræðirannsóknir á skurðleið frá Sandártungu. Einnig þarf að rannsaka tiltæk byggingarefni og kanna magn þeirra.

Verði hugað að frekari áætlunargerð um virkjanirnar, erum við reiðubúnir til samstarfs þar að lútandi.

Virðingarfyllst,

Kristján Már Sigurjónsson

Kristján Már Sigurjónsson

Loftur Þorsteinsson

Loftur Þorsteinsson

VIRKJUNARTILHAGANIR

Gerðar eru samanburðaráætlanir um nýtingu fallsins frá Hvítárvatni, sem er í 420 m hæð y.s., niður í 73 m hæð y.s. í farvegi Hvítár á móts við býlið Haukholt. Athugaðar eru fjórar heildartilhaganir. Með tveimur þeirra, tilh. I og II, verður skert rennsli um Gullfoss, en með tilhögunum III og IV er fallinu um fossinn sleppt, og rennsli þar verður óbreytt að öðru leyti en því, sem leiðir af miðlun í Hvítárvatni (rennslisjöfnun).

<u>Tilhögun I</u>	Höfuðþættir heildartilhögunar eru eftirfarandi, sbr. teikn. 76.075.0.04 - .08.
ÁBÓTI	Miðlunarvirki og virkjun í farvegi Hvítár við fossinn Ábóta. Virkjunin nýtir fallið frá vatnsborði miðlunarlóns, sem er breyttilegt milli 437 og 420 m y.s., og niður í 390 m hæð y.s.
EFRI-HVÍTÁ	Virkjun, sem nýtir fallið frá Sandártungu niður fyrir Haukholt, 390 til 73 m hæðar y.s.
SANDVATNSVEITA	Stífla í Árbrandsá við Sandvatn, sem veitt er í Sandá til að auka rennsli um Gullfoss.

Virkjunartilhögunin er valin með hliðsjón af hagkvæmnisathugunum. Athuguð voru ýmis afbrigði, og verður þeim helztu lýst hér á eftir.

Í stað miðlunarvirkja við Ábóta var athugað að stífla Hvítá við Hvítárvatnsbrú og jafnframt Jökulfallið skammt ofan ármóta. Þannig fæst miðlun, sem verður ámóta hagkvæm og með miðlunarvirkjum við Ábóta, en kostur á virkjun þar ræður úrslitum.

Athugaðar voru mismunandi vatnsvegaleiðir við virkjun frá Sandártungu (Efri-Hvítá). Koma einkum tvær leiðir til greina, en sameiginlegt með þeim eru göng fyrsta kafla frá Sandártungu og síðan skurður að Stóraversöldu. Annars vegar yrði svo áframhaldandi aðrennslisskurður alla leið að stöðvarinntaki á Hegramýrum. Hins vegar yrðu göng frá Stóraversöldu til Leirár skammt ofan ármóta hennar og Stóru-Laxár, þá stífla í Stóru-Laxá, þannig að lón myndist í nálægt 376 m hæð y.s. og loks göng að inntakslóni á Hegramýrum með vatnsborði í 372 m hæð y.s. Síðar nefnda leiðin reyndist hagkvæmari. Frá inntaki á Hegramýrum verða fallgöng að stöðvarhúsi neðanjarðar og frárennslisgöng þaðan út í farveg Hvítár við Haukholt.

Tilhögun II

Virkjunarfyrirkomulag er í aðalatriðum sýnt á teikn. 76.075.0.04 - .08.

ABÓTI

Miðlun og virkjun eins og lýst er í tilhögun I.

SANDÁRTUNGA

Virkjun, sem nýtir fallið frá 390 að 285 m hæð y.s. Inntaksstífla í Hvítá og Sandá. Fallgöng frá inntaki við Sandá að stöðvarhúsi neðanjarðar og frárennslisgöng niður fyrir Bláfellshólma.

TUNGUFELL

Virkjun, er nýtir fallið frá 235 að 114 m hæð y.s. Inntaksstífla ofan við Illagil. Aðrennslisgöng að jöfnunarþró í Tungufelli og fallgöng þaðan að stöðvarhúsi neðanjarðar. Frárennslisgöng að Nautavík við Hvítá.

HAUKHOLT

Virkjun, sem nýtir fallið frá 114 að 73 m hæð y.s. með stíflu í Hvítárgljúfrum við býlið Haukholt.

SANDVATNSVEITA Árbrandsá veitt í Hvítá eins og með tilhöggun I.

Til samanburðar voru gerðar áætlanir um að nýta fallið frá Hvítárvatni niður fyrir Bláfellshólma í einu lagi. Athuguð voru mismunandi afbrigði bæði með inntaksstíflu við Hvítárvatn og Ábóta og mismunandi fallhæð, en ekki reyndist hagkvæmara að virkja á þennan hátt.

Tilhöggun III Tilhöggunin er eins og tilh. II að öðru leyti en því, að fallinu við Gullfoss (Tungufellsvirkjun) er sleppt.

Tilhöggun IV Með þessari tilhöggun er fallinu við Gullfoss sleppt. Virkjunarfyrirkomulag er í aðalatriðum sýnt á teikningu 76.075.0.04 - .08.

ÁBÓTI Miðlun og virkjun eins og með tilhöggun I.

STÓRAVER Virkjun, sem nýtir fallið frá 390 til 203 m hæðar y.s. Vatnsvegir frá Sandártungu að Stóraversöldu eru eins og lýst er í tilhöggun I. Stöðvarinntak er við Stóraversöldu, fallgöng þaðan að stöðvarhúsi neðanjarðar og frárennslisgöng til Hvítár þremur km ofan við Gullfoss.

HAUKHOLT Virkjun eins og með tilhöggun II.

SANDVATNSVEITA Árbrandsá veitt í Hvítá eins og með fyrri tilhöggunum.

Kostnaðaráætlanir voru gerðar um allar tilhaganir með mikilli miðlun í Hvítárvatni (200 - 1400 Gl). Samanburður á áætluðu orkuverði við stöðvarvegg er á teikningu 76.075.0.01.

RENNSLI, AFL OG ORKA

Á teikningu 76.075.0.02 er sýnt vatnasvið efri hluta Hvítár ásamt þverám er hér koma við sögu. Samfelldar vatnamælingar á vatnasviðinu hófust við Gullfoss á árinu 1950. Eftirfarandi er skrá yfir þá vatnshæðarmæla, sem stuðzt var við í áætlunum um meðalrennsli til einstakra virkjunarstaða.

Vatnsfall, mælistaður	Mælir nr.	Tímabil	Vatnasvið km ²	Meðalrennsli Gl/a	kl/s
Brúará, Dynjandi	043	1949-75	670	2136	67,7
Hvítá, Hvítárvatnsbrú	057	1960-75	843	1581	50,1
Ölfusá, Selfoss	064	1951-75	5760	12045	381,9
Tungufljót, Faxi	068	1952-74	720	1386	44,0
Hvítá, Gullfoss	087	1951-75	2000	3534	112,1
Brúará, Efstadalsbrú	108	1962-74	225	1264	40,1
Fossá, Jaðarsbrú	127	1967-75	29	39	1,2

Við ákvörðun á meðalrennsli til einstakra virkjunarstaða var ennfremur stuðzt við úrkomukort Veðurstofu Íslands, sem sýnir meðalúrkomu áranna 1930-1960 á öllu landinu.

Niðurstöður athugananna er að finna í eftirfarandi skrá. Stærð vatnasviða hefur verið ákvörðuð samkvæmt uppdráttum og getur þar munað einhverju frá því, sem tilgreint er í rennslisskýrslum Orkustofnunar og skráð er hér að ofan. Tilgreint meðalrennsli við Hvítárvatnsbrú, 53,1 kl/s, er reiknað meðalrennsli áranna 1951-1975, þ.e. framlengt rennsli með tilliti til mældrar rennslisraðar sömu ára við Gullfoss, meðalrennsli 112,1 kl/s.

Við ákvörðun á virkjuðu rennsli er gert ráð fyrir meðalrennsli skv. ofanrituðu, en miðlunarpörf er reiknuð út frá þeim athugunum, sem gerðar voru á vegum Orkustofnunar árin 1965-70 á orkuvinnslugetu virkjana á vatnasviði Djórsár og Hvítár. Samkvæmt þeim athugunum reyndist hlutfall milli orkuvinnslu og rennslisorku,

$C = E/E_r = (1,9 E_m/E_r)^{0,175}$, þar sem E_m er miðluð orka í GWh. Jafnan var talin gilda á bilinu $0,1 \leq E_m/E_r \leq 0,35$.

Uppsett afl er miðað við, að nýtingartími virkjananna verði 6000 h/a.

HELZTU EINKENNISTÖLUR

Hér á eftir er skráð yfirlit yfir helztu kennistærðir einstakra virkjana samkvæmt virkjunartilhögunum, sem lýst hefur verið hér að framan. Stærð miðlunar í Hvítárvatni er valin hverju sinni sem sú miðlun, sem gefur nálægt lágmarksorkukostnaði.

Tilhögun I

Helztu einkennistölar heildartilhögunar eru:

Miðlun	1000	G1
Raunfallhæðir samtals	335,6	m
Rennslisorka	2690	GWh/a
Áætluð orkuvinnsla	2444	GWh/a
Uppsett afl alls	407,3	MW

ÁBÓTI

Vatnasvið	1231	km ²
Áætlað meðalrennsli til virkjunar	74,1	kl/s
Flatarmál miðlunarlóns	80,0	km ²
Heildarrúmmál miðlunarlóns	1790	G1
Nýtileg miðlun (437 til 420 m y.s.)	1000	G1
Virkjað rennsli	105,1	kl/s
Raunfallhæð	42,4	m
Fallhæð við orkuvinnsluákvörðun	43,1	m
Rennslisorka	242	GWh/a
Áætluð orkuvinnsla	234	GWh/a
Uppsett afl	39,0	MW

EFRI-HVÍTÁ

Vatnasvið	2021	km ²
Áætlað meðalrennsli til virkjunar	108,1	kl/s
Virkjað rennsli	143,6	kl/s
Raunfallhæð	293,2	m
Fallhæð við orkuvinnsluákvörðun	298,0	m
Rennslisorka	2448	GWh/a
Áætluð orkuvinnsla	2210	GWh/a
Uppsett afl	368,3	MW

Tilhögun II

Í heild eru helztu kennistærðir tilhögunarinnar:

Miðlun	1000	G1
Raunfallhæðir samtals	299,4	m
Rennslisorka	2592	GWh/a
Áætluð orkuvinnsla	2323	GWh/a
Uppsett afl alls	387,2	MW

ÁBÓTI

Vatnasvið	1231	km ²
Áætlað meðalrennsli til virkjunar	74,1	kl/s
Flatarmál miðlunarhlóns	80,0	km ²
Heildarrúmmál miðlunarhlóns	1790	G1
Nýtileg miðlun (437 til 420 m y.s.)	1000	G1
Virkjað rennsli	105,1	kl/s
Raunfallhæð	42,4	m
Fallhæð við orkuvinnsluákvörðun	43,1	m
Rennslisorka	242	GWh/a
Áætluð orkuvinnsla	234	GWh/a
Uppsett afl	39,0	MW

SANDÁRTUNGA

Vatnasvið	1657	km ²
Áætlað meðalrennsli til virkjunar	92,5	kl/s
Virkjað rennsli	128,4	kl/s
Raunfallhæð	97,3	m
Fallhæð við orkuvinnsluákvörðun	100,6	m
Rennslisorka	707	GWh/a
Áætluð orkuvinnsla	656	GWh/a
Uppsett afl	109,3	MW

TUNGUFELL

Vatnasvið	2347	km ²
Áætlað meðalrennsli til virkjunar	131,0	kl/s
Virkjað rennsli	171,1	kl/s
Raunfallhæð	119,7	m
Fallhæð við orkuvinnsluákvörðun	123,8	m
Rennslisorka	1232	GWh/a
Áætluð orkuvinnsla	1075	GWh/a
Uppsett afl	179,2	MW

HAUKHOLT

Vatnasvið	2442	km ²
Áætlað meðalrennsli til virkjunar	134,0	kl/s
Virkjað rennsli	170,6	kl/s
Raunfallhæð	40,0	m
Fallhæð við orkuvinnsluákvörðun	40,4	m
Rennslisorka	411	GWh/a
Áætluð orkuvinnsla	358	GWh/a
Uppsett afl	59,7	MW

Tilhögun III

Kennistærðir heildartilhögunar eru:

Miðlun	800	G1
Raunfallhæðir samtals	178,1	m
Rennslisorka	1352	GWh/a
Áætluð orkuvinnsla	1192	GWh/a
Uppsett afl alls	198,7	MW

ÁBÓTI

Vatnasvið	1231	km ²
Áætlað meðalrennsli til virkjunar	74,1	kl/s
Flatarmál miðlunarlóns	75,5	km ²
Heildarrúmmál miðlunarlóns	1590	G1
Nýtileg miðlun (434 til 420 m y.s.)	800	G1
Virkjað rennsli	101,3	kl/s
Raunfallhæð	40,8	m

Fallhæð við orkuvinnsluákvörðun	41,5	m
Rennslisorka	234	GWh/a
Áætluð orkuvinnsla	217	GWh/a
Uppsett afl	36,2	MW

SANDÁRTUNGA

Vatnasvið	1657	km ²
Áætlað meðalrennsli til virkjunar	92,5	kl/s
Virkjað rennsli	123,6	kl/s
Raunfallhæð	97,3	m
Fallhæð við orkuvinnsluákvörðun	100,6	m
Rennslisorka	707	GWh/a
Áætluð orkuvinnsla	631	GWh/a
Uppsett afl	105,2	MW

HAUKHOLT

Vatnasvið	2442	km ²
Áætlað meðalrennsli til virkjunar	134,0	kl/s
Virkjað rennsli	163,7	kl/s
Raunfallhæð	40,0	m
Fallhæð við orkuvinnsluákvörðun	40,4	m
Rennslisorka	411	GWh/a
Áætluð orkuvinnsla	344	GWh/a
Uppsett afl	57,3	MW

Tilhögun IV

Einkennisstærðir heildartilhögunar eru:

Miðlun	900	G1
Raunfallhæðir samtals	251,7	m
Rennslisorka	1901	GWh/a
Áætluð orkuvinnsla	1713	GWh/a
Uppsett afl alls	285,5	MW

ABÓTI

Vatnasvið	1231	km ²
Áætlað meðalrennsli til virkjunar	74,1	kl/s
Flatarmál miðlunarlóns	77,5	km ²
Heildarrúmmál miðlunarlóns	1690	G1
Nýtileg miðlun (435,5 til 420 m y.s.)	900	G1
Virkjað rennsli	103,2	kl/s
Raunfallhæð	41,7	m
Fallhæð við orkuvinnsluákvörðun	42,4	m
Rennslisorka	239	GWh/a
Áætluð orkuvinnsla	226	GWh/a
Uppsett afl	37,7	MW

STÓRAVER

Vatnasvið	1708	km ²
Áætlað meðalrennsli til virkjunar	94,1	kl/s
Virkjað rennsli	127,3	kl/s
Raunfallhæð	170,0	m
Fallhæð við orkuvinnsluákvörðun	175,0	m
Rennslisorka	1251	GWh/a
Áætluð orkuvinnsla	1136	GWh/a
Uppsett afl	189,3	MW

HAUKHOLT

Vatnasvið	2442	km ²
Áætlað meðalrennsli til virkjunar	134,0	kl/s
Virkjað rennsli	167,1	kl/s
Raunfallhæð	40,0	m
Fallhæð við orkuvinnsluákvörðun	40,4	m
Rennslisorka	411	GWh/a
Áætluð orkuvinnsla	351	GWh/a
Uppsett afl	58,5	MW

KOSTNAÐARÁÆTLANIR

Eftirfarandi kostnaðaráætlanir miðast við verðlag eins og það var í maí 1976. Þær byggjast á takmarkaðri sundurliðun í verkþætti og eru því fremur lauslegar. Jarðgöng reiknast fóðruð að einum fimmta hluta nema aðrennslisgöng Tungufells-
virkjunar, sem eru fóðruð að tveimur fimmtu hlutum. Áætlanirnar eru fyrst og fremst gerðar til að bera saman hinar mismunandi tilhaganir, en jafnframt er það von okkar, að góður samanburður fáiist einnig við áætlanir um aðrar virkjanir, sem unnið hefur verið að undanfarið.

Auk þess, sem fram kemur í eftirfarandi kostnaðaryfirlitum, hafa verið gerðar áætlanir um stofnkostnað virkjunartilhagananna með mismunandi miðlun í Hvítárvatni. Niðurstöður eru sýndar á teikn. 76.075.0.01, þar sem áætlað orkuverð við stöðvarvegg er skráð sem fall af orkuvinnslugetu. Er þá gert ráð fyrir, að árlegur kostnaður verði 13,13 af hundraði stofnkostnaðar og uppsett afl jafngildi 6000 nýtingarstundum á ári. Í höfuðtilhögunum eru miðlunarstærðir valdar þannig, að orkukostnaður verði því sem næst í lágmarki.

Á teikningu 76.075.0.01 er ennfremur til samanburðar dregin lína, sem sýnir meðalverð orku við stöðvarvegg samkvæmt ályktun í greinargerð um „VATNSAFL ÍSLANDS“ frá júní 1976.

Tilhögun I

ÁBÓTI (Miðlun 1000 Gl, uppsett afl 39,0 MW)

Stífla	1773	Mkr.
Botnrás	139	Mkr.
Yfirfall	120	Mkr.
Frárennslisskurður	398	Mkr.
Inntak	312	Mkr.
Aðrennslispípa	38	Mkr.
Stöðvarhús	303	Mkr.
Vélar og rafbúnaður	1133	Mkr.
Annað	100	Mkr.
Obeinn kostnaður og ófyrirséð	2154	Mkr.
		<hr/>
<u>Stofnkostnaður vinnsluvirkja</u>	<u>6470</u>	<u>Mkr.</u>

EFRI-HVÍTÁ (Uppsett afl 368,3 MW)

Stífla í Sandártungu	493	Mkr.
Yfirfall í Sandártungu	110	Mkr.
Botnrás og framhjärennslisgöng	250	Mkr.
Vatnsvegir að Stóraversöldu	3263	Mkr.
Vatnsvegir og stíflur að stöðvarinntaki	5923	Mkr.
Stöðvarinntak	413	Mkr.
Stöðvarhús	1122	Mkr.
Frárennslisgöng	2570	Mkr.
Fallgöng	827	Mkr.
Aðkomugöng	400	Mkr.
Vélar og rafbúnaður	5173	Mkr.
Vegagerð o.fl.	300	Mkr.
Obeinn kostnaður og ófyrirséð	10421	Mkr.
		<hr/>
<u>Stofnkostnaður vinnsluvirkja:</u>	<u>31265</u>	<u>Mkr.</u>

SANDVATNSVEITA

Stofnkostnaður alls 375 Mkr.

Tilhögun I alls 38110 Mkr.

Stofnkostnaður á afleiningu: $38110/407,3 = 93,6$ Mkr/MW

Stofnkostnaður á orkueiningu: $38110/2444 = 15,59$ kr/kWh/a

Tilhögun II

ÁBÓTI (Miðlun 1000 Gl, uppsett afl 39,0 MW)

Stofnkostnaður vinnsluvirkja, sbr. tilh. I .. 6470 Mkr.

SANDÁRTUNGA (Uppsett afl 109,3 MW)

Stífla 493 Mkr.

Yfirfall 110 Mkr.

Botnrás og framhjärennslisgöng 250 Mkr.

Stöðvarinntak 372 Mkr.

Fallgöng 138 Mkr.

Stöðvarhús 677 Mkr.

Frärennslisgöng 1928 Mkr.

Aðkomugöng 165 Mkr.

Vélar og rafbúnaður 2189 Mkr.

Annað 150 Mkr.

Óbeinn kostnaður og ófyrirséð 3238 Mkr.

Stofnkostnaður vinnsluvirkja 9710 Mkr.

TUNGUFELL (Uppsett afl 179,2 MW)

Stífla	880	Mkr.
Yfirfall	260	Mkr.
Aðrennslisgöng	3619	Mkr.
Stöðvarinntak	487	Mkr.
Fallgöng	226	Mkr.
Frárennslisgöng	542	Mkr.
Stöðvarhús	823	Mkr.
Aðkomugöng	140	Mkr.
Vélar og rafbúnaður	3080	Mkr.
Annað	200	Mkr.
Óbeinn kostnaður og ófyrirséð	5128	Mkr.

Stofnkostnaður vinnsluvirkja 15385 Mkr.

HAUKHOLT (Uppsett afl 59,7 MW)

Stífla	683	Mkr.
Yfirfall	364	Mkr.
Framhjárennslisgöng	130	Mkr.
Inntaksvirki	100	Mkr.
Botnrás	150	Mkr.
Stöðvarhús	405	Mkr.
Vélar og rafbúnaður	1554	Mkr.
Annað	150	Mkr.
Óbeinn kostnaður og ófyrirséð	1769	Mkr.

Stofnkostnaður vinnsluvirkja 5305 Mkr.

SANDVATNSVEITA

Stofnkostnaður alls, sbr. tilh. I 375 Mkr.

Tilhögun II alls 37245 Mkr.

Stofnkostnaður á afleiningu: $37245/387,2 = 96,2$ Mkr/MW

Stofnkostnaður á orkueiningu: $37245/2323 = 16,03$ kr/kWh/a

Tilhögun III

ÁBÓTI (Miðlun 800 Gl, uppsett afl 36,2 MW)

Stífla	1300	Mkr.
Botnrás	120	Mkr.
Yfirfall	120	Mkr.
Frárennslisskurður	392	Mkr.
Inntak	301	Mkr.
Aðrennslispípa	37	Mkr.
Stöðvarhús	294	Mkr.
Vélar og rafbúnaður	1090	Mkr.
Annað	100	Mkr.
Óbeinn kostnaður og ófyrirséð	1876	Mkr.

Stofnkostnaður vinnsluvirkja ===== 5630 Mkr.==

SANDÁRTUNGA (Uppsett afl 105,2 MW)

Stífla	493	Mkr.
Yfirfall	110	Mkr.
Botnrás og framhjärerennslisgöng	250	Mkr.
Stöðvarinntak	359	Mkr.
Fallgöng	136	Mkr.
Stöðvarhús	664	Mkr.
Frárennslisgöng	1887	Mkr.
Aðkomugöng	165	Mkr.
Vélar og rafbúnaður	2128	Mkr.
Annað	150	Mkr.
Óbeinn kostnaður og ófyrirséð	3173	Mkr.

Stofnkostnaður vinnsluvirkja ===== 9515 Mkr.==

HAUKHOLT (Uppsett afl 57,3 MW)

Stífla	683 Mkr.
Yfirfall	364 Mkr.
Framhjárennslisgöng	130 Mkr.
Inntaksvirki	100 Mkr.
Botnrás	150 Mkr.
Stöðvarhús	395 Mkr.
Vélar og rafbúnaður	1507 Mkr.
Annað	150 Mkr.
Óbeinn kostnaður og ófyrirséð	1741 Mkr.

Stofnkostnaður vinnsluvirkja 5220 Mkr.

SANDVATNSVEITA

Stofnkostnaður alls, sbr. tilh. I 375 Mkr.

Tilhögun III alls 20740 Mkr.

Stofnkostnaður á afleiningu: $20740/198,7 = 104,4$ Mkr/MW

Stofnkostnaður á orkueiningu: $20740/1192 = 17,40$ kr/kWh/a

Tilhögun IV

ÁBÓTI (Miðlun 900 Gl, uppsett afl 37,7 MW)

Stífla	1525 Mkr.
Botnrás	129 Mkr.
Yfirfall	120 Mkr.
Frárennslisskurður	395 Mkr.
Inntak	306 Mkr.
Aðrennslispípa	38 Mkr.
Stöðvarhús	299 Mkr.
Vélar og rafbúnaður	1113 Mkr.
Annað	100 Mkr.
Óbeinn kostnaður og ófyrirséð	2015 Mkr.

Stofnkostnaður vinnsluvirkja 6040 Mkr.

STÓRAVER (Uppsett afl 189,3 MW)

Stífla í Sandártungu	493	Mkr.
Yfirfall	110	Mkr.
Botnrás og framhjärennslisgöng	250	Mkr.
Vatnsvegir að stöðvarinntaki	3246	Mkr.
Stöðvarinntak	369	Mkr.
Fallgöng	287	Mkr.
Stöðvarhús	858	Mkr.
Frärennslisgöng	2893	Mkr.
Aðkomugöng	230	Mkr.
Vélar og rafbúnaður	3190	Mkr.
Annað	200	Mkr.
Óbeinn kostnaður og ófyrirséð	6064	Mkr.

Stofnkostnaður vinnsluvirkja 18190 Mkr.

HAUKHOLT (Uppsett afl 58,5 MW)

Stífla	683	Mkr.
Yfirfall	364	Mkr.
Framhjärennslisgöng	130	Mkr.
Inntaksvirki	100	Mkr.
Botnrás	150	Mkr.
Stöðvarhús	400	Mkr.
Vélar og rafbúnaður	1531	Mkr.
Annað	150	Mkr.
Óbeinn kostnaður og ófyrirséð	1757	Mkr.

Stofnkostnaður vinnsluvirkja 5265 Mkr.

SANDVATNSVEITA

Stofnkostnaður alls, sbr. tilh. I

375 Mkr.

Tilhögun IV alls 29870 Mkr.

Stofnkostnaður á afleiningu $29870/285,5 = 104,6$ Mkr/MW

Stofnkostnaður á orkueiningu $29870/1713 = 17,44$ kr/kWh/a

FYRRI VIRKJUNARÁÆTLANIR

Á áratugnum 1957-1967 voru gerðar allmargar áætlanir um virkjanir á vatnasviði Hvítár í Árnessýslu. Á fyrri hluta tímabilsins var einkum um að ræða áætlanir um einstakar virkjanir, en síðar áætlanir sem þátt í mynzturáætlanagerð um heildarnýtingu vatnsaflsins á vatnasviðum Hvítár og Djórsár. Að því er varðar Hvítársvæðið voru niðurstöður mynzturáætlana að nýta mætti 2265 GWh/a í fjórum orkuverum, þ.e. við Ábóta, Sandártungu, Tungufell og Haukholt. Ráðgerð miðlun í Hvítárvatni var 1140 Gl.

Eftir umrætt tímabil varð mun meiri áhugi fyrir orkunýtingu á vatnasviði Djórsár, en nýting orku þar hófst eins og kunnugt er með virkjun Djórsár við Búrfell á árunum 1966-1970.

Á árinu 1972 komu fram nýjar hugmyndir um nýtingu fallsins í Hvítá frá Bláfelli niður fyrir Haukholt. Breytingar voru fólgnar í því, að í stað þriggja virkjana við Sandártungu, Tungufell og Haukholt, var gert ráð fyrir einni virkjun, Efri-Hvítá. Til grundvallar áætlunum um síðast nefnda virkjun voru ófullnægjandi gögn, þar sem stuðzt var við fyrstu útgáfur yfirlitsuppdráttá í mælikvarða 1 : 20.000, sem ekki náðu yfir nema hluta af fyrirhuguðum vatnsvegaleiðum. Uppdrættir þessar liggja hins vegar fyrir fullgerðir nú og samanburðarathuganir hafa leitt til breytts fyrirkomulags vatnsvega frá því, sem ráðgert var í áætlun frá árinu 1972.

Fyrri áætlanagerð um virkjanir á vatnasviði Hvítár er nánar lýst í fylgiskjali 1 með skýrslu þessari.

LANDMÆLINGAR

Áhugi á einstökum virkjunum á vatnasviði Hvítár í Árnessýslu á árunum 1950-1960 leiddi til all víðtækrar kortagerðar á hugsanlegum virkjunarstöðum.

Þegar á árinu 1950 var Hvítárvatn og næsta umhverfi kortlagt í mælikvarða 1 : 5.000 og svæði við Gullfoss í mælikvarða 1 : 2.000 á árunum 1950-1951. Yfirlitskort af Hvítá undir Bláfelli í mælikvarða 1 : 10.000 voru gerð árið 1957 og nákvæmari kort í mælikvarða 1 : 5.000 af hluta svæðisins tveimur árum síðar. Svæði við Brúará og Hestvatn voru kortlögð í mælikvarða 1 : 5.000 árið 1961.

Yfirlitskort Orkustofnunar í mælikvarða 1 : 20.000 af vatnasviði Hvítár frá Sandártungu suður fyrir Hestfjall voru gerð á árunum 1961-1967.

Í fylgiskjali 2 er skrá yfir þá uppdrætti af landsvæðum á vatnasviði Hvítár, sem okkur er kunnugt um. Virðast þau gögn fullnægjandi til frumáætlunargerðar um umræddar virkjanir.

VATNAFRÆÐI

Eins og fram hefur komið (bls. 4), hefur verið stuðzt við vatnamælingar á alls sjö mælistöðum á vatnasviði Hvítár. Fyrir umrædda áætlanagerð eru rennslismælistaðirnir við Hvítárvatnsbrú og Gullfoss mikilvægastir. Við Gullfoss, vhm 087, hófust samfelldar vatnamælingar í júlí 1950, en sírita var komið fyrir í september 1954. Við Hvítárvatnsbrú, vhm 057, hófust mælingar með sírita í marz 1959, en ósamfelldar mælingar eru til allt aftur til júlímánaðar 1950.

Einstakar rennslismælingar eru til í Hvítá við Ábóta, í Sandá í Hrunamannahreppi við ármót hennar og Hvítár, í Árbrandsá og Sandá í Biskupstungum við Sandvatn, í Hvítá við Hvítárdal og á fleiri stöðum. Slíkar mælingar eru mikilvægar við ákvörðun á líklegu rennsli til virkjananna og þyrfti að fjölga þeim. Þetta á ekki sízt við um mælingar á rennsli úr Sandvatni og skiptingu þess milli Sandár og Árbrandsár. Stærð úrkomusvæðis Sandvatns er mjög óviss, og í raun er lítið vitað um viðbótarrennsli til Hvítár, sem fæst með stíflu í Árbrandsá.

Í fylgiskjali 3 er skrá yfir heimildir um vatnamælingar á Hvítársvæðinu, sem okkur er kunnugt um.

JARÐFRÆÐI

Jarðfræðirannsóknir á vatnasviði Hvítár með tilliti til virkjunarframkvæmda hófust þegar fyrir 1950. Fram til ársins 1959 voru þær að mestu í höndum Guðmundar Kjartanssonar jarðfræðings.

Á árunum 1961-1963 vann Tómas Tryggvason jarðfræðingur að jarðfræðirannsóknum á Bláfellssvæðinu. Skrifaði hann tvær skýrslur um rannsóknirnar og að auki skýrslu ásamt Þorleifi Einarssyni jarðfræðingi um byggingarefnaleit á svæðinu.

Jarðeðlisfræðilegar mælingar voru gerðar á fyrirhuguðum stíflustæðum við Hvítárvatn og Ábóta á árunum 1958 og 1961. Mælingarnar annaðist Guðmundur Pálmason eðlisverkfræðingur.

Jarðboranir á Bláfellssvæðinu hófust haustið 1959, þegar boraðar voru þrjár holur á stíflustæði við Hvítárvatn. Jarðborunum var haldið áfram á árinu 1961 og var þá einnig borað við Ábóta. Boranir hófust að nýju sumarið 1964 og voru þá boraðar sjö holur austan og sunnan í Bláfelli og tvær holur við Hvítárvatn.

Í skýrslu Hauks Tómassonar jarðfræðings frá desember 1967 er gerð grein fyrir jarðfræðirannsóknum á Bláfellssvæðinu árið 1964.

Á árunum 1961 til 1964 annaðist Þorleifur Einarsson jarðfræðirannsóknir á Tungufellssvæðinu og frá niðurstöðum er greint í skýrslu hans frá marz 1965.

All umfangsmiklar jarðfræðirannsóknir voru gerðar á fyrirhuguðu virkjunarsvæði við Hestvatn sumarið og haustið 1960 og er greint frá niðurstöðum í skýrslu, Hauks Tómassonar frá marz 1961.

Skrá yfir heimildir um framangreindar rannsóknir og aðrar jarðfræðiathuganir á vatnasviði Hvítár er að finna í fylgiskjali 4 með þessari greinargerð.

Eins og fram hefur komið hafa farið fram all ítarlegar jarðfræðirannsóknir á vatnasviði Hvítár og þá einkum á Bláfellssvæðinu. Við áframhaldandi virkjunarrannsóknir verður þó frekari vitneskju þörf og þá fyrst og fremst að því er varðar virkjun frá Sandártungu niður fyrir Haukholt (Efri-Hvítá).

FYLGISKJÖL

Fylgiskjal 1	bls. 1.01 - .14
Yfirlit yfir virkjunaráætlanir á vatnasviði Hvítár í Ár- nessýslu ásamt heimildaskrá.	
Fylgiskjal 2	bls. 2.01 - .02
Landmælingar, heimildaskrá	
Fylgiskjal 3	bls. 3.01 - .02
Vatnamælingar, heimildaskrá	
Fylgiskjal 4	bls. 4.01 - .03
Jarðfræðiskýrslur	

TEIKNINGAR

Orkukostnaður	76.075.0.01
Vatnasvið, úrkomukort og miðlun	76.075.0.02
Yfirlitskort	76.075.0.03
Hvítárvatn, yfirlitsmynd	76.075.0.04
Ábóti, Sandártunga, yfirlitsmynd	76.075.0.05
Stóraver, yfirlitsmynd	76.075.0.06
Efri-Hvítá, Tungfell, Haukholt, yfir- litsmynd	76.075.0.07
Sandvatnsveita, yfirlitsmynd	76.075.0.08
Langsnið	76.075.0.09

Yfirlit yfir virkjunaráætlanir á
vatnasviði HVÍTÁR í ArnassýsluFYRSTU VIRKJUNARÁÆTLANIR

Í greinargerð Sigurðar Thoroddsen frá 1954 (1954.1) er gerð grein fyrir þremur virkjunum í Hvítá, Bláfell (26 MW), Gullfoss (82 MW) og Drumboddsstaðir (26 MW). Jafnframt var gert ráð fyrir veitu úr Hvítá í Þjórsá með virkjun við Urriðafoss.

Í mynzturáætlun Harza (1960.1) er gerð grein fyrir 10 virkjunum á Hvítársvæðinu auk miðlunarkirkja við Hvítárvatn og Apavatn. Samtals var uppsett afl ráðgert 611 MW og er virkjunarfyrirkomulagi lýst nánar í eftirfarandi skrá 1 (bls. 1.04).

Í erindi Sigurðar Thoroddsen frá 1962 (1962.4) er ráðgert að virkja á 14 stöðum á Hvítársvæðinu auk miðlunarkirkja við Hvítárvatn og veituvirkja við Sandvatn. Í eftirfarandi skrá 2 er gerð nánari grein fyrir einstökum virkjunum. Samtals var áætlað að nýta mætti 3441 GWh/a í meðalári.

Sérstakar áætlanir um virkjun Hvítár við Bláfell voru fyrst gerðar árið 1957 (1957.1). Gerð var áætlun um miðlunarkirkju við Hvítárvatn vegna virkjana við Tungufell og Ábóta. Ennfremur voru gerðar áætlanir um 27 og 38 MW virkjanir við Ábóta. Árið 1958 var gerð álitgerð um heildarnýtingu fallsins við Bláfell (1958.1). Fyrirhugað var að virkja fallið í einu eða tveimur orkuverum með miðlunarkirkju og inntakarkirkju við Hvítárvatn. Virkjun í einu lagi, Bláfell I, var ráðgerð 124 MW, en í tvennu lagi, Lambafell og Bláfell II (Sandárver) 147 MW samtals. Þá var ennfremur gerð áætlun um sérstaka miðlunarkirkju við Hvítárvatn og virkjun í tveimur orkuverum, Ábóti og Bláfell II, samtals 142 MW.

Í mynzturáætlun Harza (1960.1) var, eins og sést í meðfylgjandi yfirlitsskrá 1, ráðgert að nýta umrætt fall í fjórum orkuverum, Ábóta, Sandártungu (Sandárver), Bláfellshólma og Fremsta-
veri, samt. 180 MW. Árið 1961 hóf Verkfræðistofan áætlanar-

gerð um Bláfellsvirkjanir til athugunar var að virkja fallið í allt að fimm orkuverum, Ábóta, Sandárveri, Miðveri, Bláfellshólma og Fremstaveri. Ekki var lokið við áætlanagerð þessa.

